

**Umsögn dómnefndar
skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla
um umsækjendur um tvö embætti dómara við
Héraðsdóm Reykjavíkur og eitt embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða
sem auglýst voru laus til umsóknar 6. júní 2013**

Reykjavík 27. ágúst 2013

1. Umsækjendur um hið auglýsta dómaraembætti

Með bréfum dags. 10. júlí 2013 fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd skv. 1. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998 um dómstóla, með síðari breytingum, að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um annars vegar tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og hins vegar eitt embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða sem auglýst voru laus til umsóknar 6. júní 2013 í Lögbirtingablaði.

Um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sóttu, Hrannar Már S. Hafberg formaður rannsóknarnefndar Alþingis, skipaðrar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna, Nanna Magnadóttir aðalráðgjafi hjá Eystrasaltsráðinu, Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari við embætti ríkissaksóknara (í leyfi), Sigríður J. Hjaltested aðstoðarsaksóknari kynferðisbrotadeildar löggreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, Unnsteinn Örn Elvarsson héraðsdómslögmaður og Þórður Clausen Þórðarson bæjarlögmaður Kópavogs.

Um embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða sóttu Arnaldur Hjartarson aðjúnkt við lagadeild Háskóla Íslands, Hrannar Már S. Hafberg formaður rannsóknarnefndar Alþingis, skipaðrar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna, Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari við embætti ríkissaksóknara (í leyfi), Sigurður Jónsson, hæstaréttarlögmaður og Unnsteinn Örn Elvarsson, héraðsdómslögmaður.

Unnsteinn Örn dró umsókn sína um framangreind embætti til baka 5. ágúst 2013.

Umsögn dómnefndar um umsækjendur fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 skal dómnefnd láta innanríkisráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti héraðsdómara. Samkvæmt ákvæðinu skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið, en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðirita, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/2008 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf nefndarinnar. Þáverandi dómsmála- og mannréttindaráðherra, nú innanríkisráðherra, setti reglur nr. 620/2010 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti. Í 4. gr. reglnanna er fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á og segir þar svo:

„4. gr.
Sjónarmið sem mat dómnefndar skal byggť á.

Í umsögn dómnefndar skal tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi eða umsækjendur séu hæfastir til þess að hljóta umrætt dómaraembætti. Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstæðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og skal þar byggť á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi, eins og nánar greinir m.a. hér á eftir:

1. *Menntun, starfsferill og fræðileg þekking.* Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum,

málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal lítið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám.

2. *Aukastörf og félagsstörf.* Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtækrar þátttöku í félagsstarfi.

3. *Almenni starfshæfni.* Við mat á almennri starfshæfni skal lítið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti.

4. *Sérstök starfshæfni.* Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5. *Andlegt atgervi.* Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.”

Í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómara), er áréttuð að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. stjórnarskráinnar skulu allir vera jafnir fyrir lögum og í 2. mgr. hennar segir orðrétt: „Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.” Í 1. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er tekið fram að við úrlausn mála skuli stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Ákvæði þetta er áréttuð í upphafi 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 sem rakið er hér að framan. Í 2. mgr. 11. gr.

stjórnslulaga nr. 37/1993 kemur fram ákvæði um bann við mismunun þar sem talin eru upp sjónarmið sem ekki má líta til við mat á því hvaða umsækjandi geti talist hæfastur til að gegna starfanum. Í ákvæðinu segir: „Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum.“

Markmið laga nr. 10/2008 er m.a. að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni, sbr. 1. gr. þeirra. Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laganna skal starf, sem laust er til umsóknar, standa opið jafnt konum sem körlum og í 1. mgr. 24. gr. þeirra er kveðið svo á um að hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, hvort heldur bein eða óbein, sé óheimil. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laganna telst það óbein mismunun þegar hlutlaust skilyrði, viðmið eða ráðstöfun kemur hlutfallslega verr við annað kynið nema slíkt sé viðeigandi, nauðsynlegt eða réttlætanlegt vegna hlutlægra þátta óháð kyni. Þá ber þess að gæta að Hæstiréttur hefur talið að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla yrðu þýðingarlítil, nema meginreglur þeirra við að stemma stigu við mismunun séu skýrðar svo að konu skuli veita starf ef hún er að minnsta kosti jafnt að því komin, að því er varðar menntun og annað sem máli skiptir, og karl sem við hana keppir, ef á starfssviðinu eru fáar konur, sbr. dóma réttarins H 1993, 2230, H 1996, 3760, H 1998, 3599 og H 2006, 4891. Á þetta sjónarmið kann að reyna að álti nefndarinnar við ákvörðun ráðherra um veitingu dómarEmbættis hafi dómnefnd metið two eða fleiri umsækjendur jafnhæfa til að gegna því.

Loks skal þess getið að í almennum athugasemdum við frumvarp það, er varð að lögum nr. 45/2010 um breyting á lögum nr. 15/1998, með síðari breytingum (skipan dómar), er minnt á að í tilmaelum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara eigi að vera byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og

byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi. Upphafssákvæði 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 620/2010 eru byggð á þessum tilmælum.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Hinn 11. júlí 2013 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu þá fram athugasemdir við sérstakt hæfi þeirra nefndarmanna sem fara með mál þetta.

Einn af þeim sem skipaðir hafa verið í dómnefndina, Stefán Már Stefánsson, hefur lýst sig vanhæfan á grundvelli 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 til að taka þátt í meðferð umsókna um ofangreind dómaraembætti. Sama hefur gert varamaður hans, Sigríður Friðjónsdóttir. Af þeim sökum hefur ráðherra, eftir tilnefningu Hæstaréttar, sett Skarphéðin Þórisson, hæstaréttarlögmann og fyrrverandi ríkislögmann, með bréfi dags. 22. júlí 2013 til að taka sæti í nefndinni í stað Stefáns Máss við meðferð þessa máls.

Hinn 30. júlí 2013 ritaði dómnefnd umsækjendum tölvubréf að nýju og óskaði eftir því að þeir gerðu strax athugasemdir við sérstakt hæfi Skarphéðins teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi hans. Nefndarmönnum er heldur ekki kunnugt um að neinar ástæður séu fyrir hendi sem valda vanhæfi þeirra í máli þessu.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 8. ágúst 2013.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarps þess, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, segir m.a. að dómnefndinni sé einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Samkvæmt 5. gr. reglna nr. 620/2010 getur dómnefnd aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum, sem hafa átt samskipti við umsækjanda vegna starfa hans. Á grundvelli þessa ákvæðis sendi dómnefnd spurningalisti til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem meðmælendur. Umsækjendum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör umsagnaraðilanna.

Eins og áður segir fór innanríkisráðuneytið þess á leit við dómnefnd 10. júlí 2013 að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um tvö embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og eitt embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða sem auglýst voru laus til umsóknar 6. júní 2013 í Lögbirtingablaði. Barst formanni og viðtakandi formanni bréfið sama dag. Sá síðarnefndi var skipaður í nefndina frá 22. júlí 2013 og frá sama degi var Skarphéðinn Þórisson hæstaréttarlögmaður skipaður til starfa ad hoc. Starfsumboð nefndarinnar miðast við þann dag. Hinn sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar skv. 9. gr. reglna nr. 620/2010, sbr. 8. gr. stjórnsýslulaga, reiknast því frá síðastnefndum degi til 2. september 2013.

Þess skal getið að umsækjendurnir Hrannar Már S. Hafberg, Sigríður Elsa Kjartansdóttir, Sigríður J. Hjaltested og Þórður Clausen Þórðarson hafa áður verið metnir af dómnefnd sem nú starfar skv. 4. gr. a laga nr. 15/1998.

Samkvæmt 7. gr. reglna nr. 620/2010 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 15. ágúst 2013, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til 22. þess mánaðar, kl. 16.00. Athugasemdir bárust frá öllum umsækjendum að Hrannari Má S. Hafberg og Sigríði J. Hjaltested undanskildum. Farið var yfir þær athugasemdir sem bárust á fundi nefndarinnar þann 26. ágúst 2013, en þær þóttu ekki gefa tilefni til breytingu á efnislegum niðurstöðum á þeim drögum sem umsækjendum höfðu verið send.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður næst veitt stutt ágrip um menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum og samanburð á þeim á grundvelli þeirra meginþjónarmiða sem reifuð voru í kafla 2. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því, sem þeir hafa talið þar upp, heldur getið helstu starfa og viðfangsefna, er þeir hafa fengist við, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Arnaldur Hjartarson er fæddur 30. júní 1983 og er því 30 ára. Hann lauk meistaraprófi í lögfræði við Háskóla Íslands í júní 2008. Þá lauk hann LL.M. meistaragráðu í lögfræði (Master of Laws) frá Yale Law School í maí 2013 með hæstu

einkunn í öllum greinum. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður árið 2008. Að loknu laganámi hóf umsækjandinn störf sem fulltrúi á LEX lögmannsstofu, þar sem hann starfaði fram í janúar 2009. Arnaldur hóf þá störf hjá rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls íslensku bankanna og starfaði þar fram í febrúar 2010, er hann hóf störf á lánasviði Fjármálaeftirlitsins. Í apríl 2011 hóf hann störf sem aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands og gegndi því starfi fram í maí 2012, er hann hóf störf sem starfsnemi við EFTA-dómstólinn, þar sem hann var fram til þess að hann hóf nám við Yale. Í Yale starfaði Arnaldur samhliða námi sem aðstoðarmaður (e. research assistant) við tiltekin verkefni hjá dr. Luzius Wildhaber gestaprófessor og fyrrverandi forseta Mannréttindadómstóls Evrópu, hjá dr. Miguel Maduro gestaprófessor og fyrrverandi aðallögsögumanni Evrópusudómstólsins, hjá Jonathan R. Macey, prófessor í félaga- og fjármálamarkaðsrétti og hjá W. Michael Reisman prófessor í þjóðarétti. Þá hefur umsækjandinn annast símaviðtalstíma í hlutastarfi fyrir Félag íslenskra bifreiðaeiganda frá árinu 2007 og veitti utanríkisráðuneytinu sérfræðiráðgjöf í maí 2010 vegna enskrar þýðingar á hluta af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Umsækjandinn var ráðinn sem aðjúnt við lagadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí sl. Hann hefur annast stundakennslu í meistaránámi við lagadeild Háskóla Íslands frá nóvember 2009, annaðist kennslu í námskeiðinu EC Environmental Law 2009 og í námskeiðinu EU-EEA Law II árið 2011. Hann hefur annast stundakennslu í meistaránámi við lagadeild Háskólans á Bifröst frá því í september 2011 og annast kennslu á námskeiðinu Almenn lögfræði III frá sama tíma. Þá hefur Endurmenntun Háskóla Íslands falið honum að kenna stutt námskeið á sviði félagaréttar haustið 2013. Arnaldur hefur unnið að ritsmíðum um lögfræðileg málefni. Þar af hefur hann birt eina ritrýnda grein er birtist í 4. tbl. *Úlfjóts* árið 2011, er ber heitið „Takmörkun á rétti almennings til aðgangs að bréfaskiptum stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað“, en hann hlaut rannsóknarstyrk frá fræðasjóði *Úlfjóts* í tilefni hennar. Þá var hann meðhöfundur 5. kafla bókarinnar „EC and EEA Law - A Comparative Study of the Effectiveness of European Law“, sem kom út árið 2009 en aðalhöfundur bókarinnar er dr. Elvira Méndes Pinedo. Að auki hefur birst eftir hann grein í *Úlfjóti* árið 2009 er ber heitið „Beinir skattar - barátta um völd: áhrif

Evrópuréttar á gildandi reglur aðildarríkja Evrópubandalagsins á sviði beinna skatta." Undanfarið hefur umsækjandinn verið að vinna að grein um Mannréttindasáttmála Evrópu ásamt dr. Luzius Wildhaber fyrrverandi forseta Mannréttindadómstóls Evrópu, sem fjallar um það hvernig dómstóllinn hafi í framkvæmd horft til landsréttar við mat á því hvort eftirláta eigi ríkjum aukið eða takmarkað svigrúm á ákveðnum sviðum. Að auki vann umsækjandinn að réttarsögulegri rannsókn á lagaumhverfi sparisjóða á Íslandi og hefur komið að rannsóknum á sviði sakamálaréttarfars og á sviði EES-réttar. Þá hefur hann annast ritstjórnarstörf fyrir Yale Journal on Regulation (senior editor) og Yale Journal of International Law (editor). Í júlí 2008 var umsækjandinn skipaður í ökutækjatrygginganefnd af viðskiptaráðherra, sem var falið að semja frumvarp til laga um ökutækjatryggingar. Árið 2009 var hann skipaður varamaður í endurkröfunefnd af viðskiptaráðherra sem starfar skv. 96. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og skipaður varamaður í prófnefnd bifreiðasala af efnahags- og viðskiptaráðherra. Sama ár var umsækjandinn skipaður í þriggja manna dómnefnd International Icelandic Rally, en árið 2010 var um að ræða umferð í heimsmeistarakeppni FIA. Árin 2011 - 2012 var hann varamaður í stjórn Stéttarfélags lögfræðinga.

Hrannar Már S. Hafberg er fæddur 15. desember 1974 og er því 38 ára. Að loknu stúdentsprófi hóf hann nám í heimspeki við Háskóla Íslands og lauk BA gráðu í þeiri grein 1998, eftir að hafa gert árshlé til stunda nám í hugfræðum í Svíþjóð, 1995-1996. Hann lauk BA prófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands 2006 og meistaraprófi frá sömu deild 2008. Hann hefur jafnframt stundað meistaranám í réttarheimspeki við Háskóla Íslands og Háskólann í Genúa, með hléum, frá 1998. Að auki hefur hann lokið prófi í margmiðlun frá Margmiðlunarskóla Prenttækni-stofnunar. Þá hefur hann sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið um lögfræðileg efni, innanlands sem erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2010. Að loknu laganámi starfaði umsækjandinn í nokkra mánuði sem fulltrúi hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, einkum við rannsókn og saksókn í ofbeldismálum. Árin 2008-2009 starfaði hann sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Norðurlands eystra og 2009 til 2011 við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann

var settur héraðsdómari við þann dómstól frá 5. september 2011 til 29. febrúar 2012 og aftur um tveggja vikna skeið í mars 2012. Hann fékk leyfi frá störfum sínum sem aðstoðarmaður héraðsdómara frá 10. júní 2011, fyrst til að gegna störfum lögfræðings hjá rannsóknarnefnd Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna, en frá því í lok september 2012 hefur hann verið formaður nefndarinnar. Frá árinu 2009 hefur umsækjandinn verið aðjúnt og stundakennari við lagadeild Háskólans á Akureyri, þar sem hann hefur m.a. sinnt stundakennslu í inngangi að lögfræði, almennri lögfræði og réttarheimildafræði, lögskýringum og réttarheimspeki, svo og réttarfari og málflutningi. Hann hefur leiðbeint nemendum með lokaritgerðir í BA námi og meistaranámi í lögfræði við Háskólann á Akureyri og Háskólann í Reykjavík. Þá hefur hann sinnt stundakennslu við lagadeild Háskóla Íslands í réttarheimspeki frá 2009. Einnig hefur hann frá sama tíma kennt sakamálaréttarfari og almenna lögfræði hjá Vísdómi, starfsmennt fyrir starfsmenn dómstóla. Að auki hefur hann flutt fyrirlestra, tengda ýmsum lögfræðilegum álitamálum. Umsækjandinn hefur setið í stjórn Félags löglærðra aðstoðarmanna dómara frá 2008, fyrst sem varaformaður, en frá því 2011 sem formaður félagsins. Ennfremur hefur hann setið í ritrýninefnd *Lögfræðings* - tímarits laganema við Háskólann á Akureyri frá 2009. Þá átti hann sæti í stjórn Heimspekistofnunar Háskóla Íslands 1997-1999 og í samstarfsnefnd um móton náms í upplýsinga- og fjöldmiðlagreinum 2000-2001. Umsækjandinn er höfundur nokkurra ritsmíða og hefur unnið að ýmsum þýðingum, án þess að séð verði af umsókn hans að þær varði lögfræðileg efni.

Nanna Magnadóttir er fædd 10. mars 1973 og er því 40 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í júní 1998. Umsækjandinn lauk meistaraprófi í alþjóðlegum mannréttindalögum (e. Master of International Human Rights Law, LL.M.) frá Raoul Wallenberg stofnun Háskólans í Lund árið 2004. Þá hefur hún sótt fjölgur námskeið á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands um lögfræðileg málefni, námskeið í friðargæslu í Sviss og námskeið á vegum Evrópuráðsins. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 2001. Að loknu embættisprófi hóf Nanna störf sem aðstoðarmaður dómara við héraðsdóm Reykjavíkur, en í janúar 2002 tók hún við starfi skrifstofustjóra dómstólsins, en því

starfi gegndi hún fram í ágúst sama ár, er hún hóf störf sem lögfræðingur hjá umboðsmanni Alþingis. Í september 2003 hóf Nanna störf sem aðstoðarmaður í fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu og starfaði þar þangað til hún hóf störf sem lögfræðingur í deild Evrópuráðsins um fullnustu dómara Mannréttindadómstóls Evrópu í maí 2004. Í janúar 2005 tók hún svo við sem aðstoðarforstöðumaður og lögfræðilegur ráðgjafi á skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó. Í maí 2006 tók hún við sem forstöðumaður og ráðgjafi svæðisáætlunar UNIFEM fyrir suð-austur Evrópu á skrifstofu UNIFEM í Serbíu. Frá því í janúar 2008 og fram til október 2009 var umsækjandinn forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvó (Head of Office, Council of Europe Secretariat Office in Kosovo). Í framangreindum störfum vann hún m.a. við alþjóðlegar og evrópskar mannréttindareglur og Evrópurétt. Þá var hún um skeið í stjórn lögmannafélags Kósóvó. Frá því í október 2009 hefur hún starfað sem aðalráðgjafi hjá Eystrasaltsráðinu í Stokkhólmi (Council of the Baltic Sea States). Umsækjandinn hefur haldið fyrirlestra um ýmis efni, en sérstaklega má nefna að hún var ein þriggja fyrirlesara á námskeiði ÖSE, UNIFEM og dómarafélags Makedóníu, sem haldið var fyrir dómara í Makedóníu árið 2007 um beitingu Sáttmála Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum við samningu dómsúrlausna. Sama ár kenndi hún á námskeiði ÖSE og UNIFEM fyrir stjórnvöld í Kósóvó um samþættingu kynjasjónarmiða við gerð mannréttindaáætlunar fyrir Kósóvó. Í núverandi starfi sínu hefur Nanna átt samvinnu við fulltrúa Evrópusambandsins og háskóla Immanuel Kant í Kaliningrad um að koma á fót stofnun um samanburðarlögfræði við háskólann. Hún hefur ritað greinina „Samkynhneigð pör innan Evrópusambandsins – ESB ríkisborgaráréttur, frjáls för og búseta“ er birtist í *Tímariti Lögfræðinga* árið 2004. Þá hefur hún stundað rannsóknir bæði í og meðfram námi, m.a. rannsóknir fyrir professor Katarinu Tomaševski, þáverandi skýrslugjafa Sameinuðu Þjóðanna um réttinn til menntunar. Þá var hún meðritstjóri Balticness, tímarits Eystrasaltsráðsins 2009 - 2010. Nanna var sjálfboðaliði hjá Kvennaráðgjöfinni 1997-1999 og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og Dómstólaráðs 2001. Hún var varamaður í stjórn stéttarfélags lögfræðinga 2000 - 2001 og tók þátt í kjarasamningsviðræðum við ríkið. Þá hefur hún komið að lagasetningu og gerð ýmissa regluverka í störfum sínum, m.a.

skrifað álit UNIFEM á drögum að jafnréttislögum Albaníu, hélt ýmis námskeið fyrir starfsmenn úr stjórnsýslu Kósóvó og starfsmenn ÖSE, hefur flutt framsögu á ýmsum ráðstefnum og beitt sér fyrir endurskoðun verklagsreglna Eystrasaltsráðsins um þátttöku þess í verkefnum. Hún hefur verið meðlimur og á tíðum formaður fjölda vinnuhópa sem starfsmaður Evrópuráðsins, UNIFEM og Eystrasaltsráðsins, var sérfræðingur á fundi bandaríksks félagsvíssindaráðs og Sameinuðu Þjóðanna um konur og friðaruppbryggingu á Balkanskaga 2012.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir er fædd 24. júlí 1966 og er því 47 ára. Hún lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1993. Siðan hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, þ. á m. námskeið í stjórnsýslurétti 2005 á vegum Félags forstöðumanna ríkisstofnana og Háskóla Íslands og ári síðar námskeið erlendis á vegum alþjóðasamtaka ákærenda (IAP). Þá stundar hún nú diplómanám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og hefur þar lokið 12 einingum af 30. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997. Að loknu embættisprófi var umsækjandinn fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994-1999 og síðan fulltrúi sýslumannsins í Kópavogi 1999-2003. Hún starfaði sem lögmaður á lögmannsstofunni Lögborg ehf. 2003-2004 og fékkst þar við fjölbreytt lögmannsstörf. Árin 2004-2006 var hún fulltrúi ríkissaksóknara og var skipuð saksóknari við embættið 2006, en hún er nú í leyfi frá störfum sem saksóknari. Frá 14. október 2010 til 24. nóvember 2011 var hún settur vararíkissaksóknari. Á árinu 2010 gegndi hún um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislöggreglustjóra. Í fyrrgreindum störfum sínum hefur hún flutt mikinn fjölda mála fyrir dómstólum, m.a. um 80 mál fyrir Hæstarétti. Frá 25. nóvember 2011 til og með 30. júní 2013 var hún settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur til að daema í einkamálum. Umsækjandinn annaðist stundakennslu í refsirétti við lagadeild Háskólans á Akureyri 2008. Hún hefur verið leiðbeinandi vegna tveggja meistaraprófsritgerða við sama skóla og kennt á námskeiði til starfsréttinda fyrir dyraverði á veitinga- og skemmtistöðum. Hún hefur haldið ýmsa fyrirlestra í tengslum við störf sín.

Sigríður J. Hjaltested er fædd 27. júlí 1969 og er því 44 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1995. Hún hefur lokið ýmsum

námskeiðum, þ. á m. í réttarsálfræði og upplýsingalögum. Hún öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi 1999. Að loknu námi starfaði umsækjandinn hjá Fangelsismálastofnun 1995 – 2000. Hún var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2000 – 2008, ef frá er talið eitt ár, 2004 – 2005, þegar hún starfaði á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Hún var settur dómarí við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 1. maí til 15. júlí 2004 og frá 1. janúar til 31. maí 2008 í ágreiningsmálum og sakamálum. Frá því í september 2008 hefur hún starfað með hléum sem aðstoðarsaksóknari í kynferðisbrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og starfar þar enn. Hún var settur dómarí við Héraðsdóm Reykjavíkur til að dæma í einkamálum frá 1. október 2011 til 31. janúar 2012 og svo aftur frá 5. apríl 2013 til og með 30. júní 2013, er hún sneri aftur til fyrri starfa. Umsækjandinn var stundakennari í inngangi að lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 2002 – 2004 og hefur verið kennari í refsirétti við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá því í byrjun árs 2012. Þá kenndi hún almenna lögfræði við Fangavarðaskóla Íslands samhliða störfum sínum hjá Fangelsismálastofnun. Hún hefur unnið að ritsmíðum um lögfræðileg efni, einkum um nálgunarbann og samfélagsþjónustu. Þrjár greinar hennar hafa birst í *Tímariti lögfræðinga*, „Samfélagsþjónusta“ (ásamt Guðmundi Þór Guðmundssyni) árið 1996, „Reynslan af samfélagsþjónustu“ 2000 og „Á lögreglan að taka ákvörðun um nálgunarbann?“ 2009. Þá kom hún að gerð skýrslu um meðferð nauðgunarmála í Danmörku 2011 í kjölfar heimsóknar hennar og fleiri til danskra yfirvalda. Hún hefur flutt nokkra fyrillestra, aðallega á sviði refsiréttar og samfélagsþjónustu. Árin 2004 – 2005 var umsækjandinn ritari refsiréttarnefndar og hefur auk þess átt sæti í ýmsum nefndum eða starfað fyrir þær í tengslum við störf sín. Hún hafði umsjón með samningu verklagsreglna lögreglu um meðferð heimilisofbeldismála. Umsækjandinn sat í stjórn Ákærendafélags Íslands 2009 – 2010 og hefur verið formaður Starfsmannafélags lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá 2008.

Sigurður Jónsson er fæddur 13. febrúar 1956 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1983. Hann hefur sótt fjölda námskeiða í ýmsum greinum lögfræðinnar, aðallega á vegum Háskóla Íslands og Lögmannafélags Íslands. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi

1989 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands 1997. Þá öðlaðist hann fasteignasöluréttindi 1991. Að loknu laganámi hóf hann störf sem dómarafulltrúi hjá Sýslumanninum á Akureyri og starfaði þar fram til ársins 1986 er hann hóf störf sem fulltrúi Sýslumannsins í Árnessýslu. Á árinu 1987 var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í sem næst einn og hálfan mánuð og 1988 - 1989 var hann starfsmannastjóri Slátturfélags Suðurlands á Selfossi. Frá 1989 til 1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, en að því loknu hóf hann rekstur eigin lögmannsstofu, Lögmenn Suðurlandi á Selfossi auk fasteignasölu fram til ársins 2002. Frá því ári til 2007 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu og fasteignasölu í Vestmannaeyjum, Lögmenn Vestmannaeyjum og frá 2007 - 2012 annaðist hann rekstur eigin lögmannsstofu á Selfossi, Lögmenn Árborg, er hann stofnaði núverandi lögmannsstofu, Land Lögmenn í Kópavogi. Umsækjandinn var 1986 - 1993 formaður yfirúttektarnefndar Árnessýslu og þá sat hann í fjölda nefnda á vegum Stjórnarráðs Íslands á árunum 1989 - 1991, auk þess að gegna þar formennsku. Hann var nefndarmaður í kvörtunarnefnd félags fasteignasala 2003 - 2008, stjórnarformaður Eyvindartungu ehf. 2001 - 2010, stjórnarformaður í Landssamtökum raforkubænda á Íslandi 2005 - 2010 og stjórnarmaður Landssamtaka landeigenda á Íslandi frá 2009.

Pórður Cl. Pórðarson er fæddur 29. ágúst 1950 og er því 62 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1977. Hann hefur sött ýmis námskeið, svo sem á sviði stjórnunar og lögfræði, m. a. í Evrópurétti, samkeppnisrétti, stjórnsýslurétti og vinnurétti, við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Í lok árs 2012 og í byrjun árs 2013 var hann í námsleyfi og stundaði endurmenntun í sex greinum í meistararanámi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík. Hann öðlaðist réttindi til málflutnings fyrir héraðsdómi árið 1981 og réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti 1994. Að loknu embættisprófi hóf umsækjandinn störf hjá rannsóknarlöggreglu ríkisins og fékkst þar aðallega við rannsókn meiri háttar fjármunabrota. Árin 1978-1982 starfaði hann sem fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum. Á árabilinu 1982-1986 var hann bæjarstjóri á Sauðárkróki og 1986 lögmaður Byggðastofnunar um skeið. Hann var deildarlögfræðingur lögreglunnar í Reykjavík 1986-1987. Frá árinu 1987 hefur hann verið bæjarlögmaður Kópavogs. Á þeim tíma sem umsækjandinn starfaði sem

bæjarstjóri á Sauðárkróki, sat hann jafnframt í stjórn Útgerðafélags Skagfirðinga, gegndi formennsku í skólanefnd Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki, auk annarra nefndarstarfa fyrir sveitarfélagið. Samhliða störfum sem bæjarlögmaður Kópavogs hefur hann sinnt lögmannsstörfum fyrir aðra aðila.

5. Mat á umsækjendum

5.1. Menntun og framhaldsmenntun

Allir umsækjendur hafa lokið fullnaðarprófi í lögfræði, ýmist embættisprófi eða meistaraprófi, frá íslenskum háskóla.

Arnaldur hefur til viðbótar meistaraprófi lokið prófi með meistaragráðu í lögum frá Yale háskóla.

Hrannar Már hafði að baki BA próf í heimspeki áður en hann lauk meistaraprófi í lögum. Þá stundaði hann með hléum um árabil meistaranám í réttarheimspeki við Háskólann í Genúa en hefur ekki lokið því námi. Hann hefur einnig sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hér á landi og erlendis.

Nanna hefur auk embættisprófs lokið meistaraprófi í lögum frá Háskólanum í Lundi, en síðarnefnda náminu lauk hún með láði. Einnig hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni, bæði hér á landi og erlendis.

Sigríður Elsa hefur til viðbótar embættisprófi í lögum stundað diplómanám á meistarastigi í alþjóðasamskiptum við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands og lokið hluta námsins. Þá hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni hér á landi og erlendis.

Sigríður Hj. hefur til viðbótar embættisprófi lokið ýmsum námskeiðum hér á landi, m.a. í réttarsálfræði og upplýsingalögum.

Sigurður hefur að loknu embættisprófi sótt fjölda námskeiða hér á landi í ýmsum greinum lögfræðinnar.

Pórður, sem hefur að baki embættispróf, stundaði endurmenntun í meistaranámi við Háskólann í Reykjavík. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið í mörgum greinum lögfræði við endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík.

Samkvæmt því sem að framan greinir hafa Arnaldur og Nanna lokið meistaraprófi í lögum frá erlendum háskólum. Þá hefur Hrannar Már stundað framhaldsnám við erlendan háskóla án prófgráðu. Sigríður Elsa hefur lokið hluta diplómanáms á meistarastigi á sviði að nokkru skyldu lögfræði. Þórður lagði stund á meistaranám í lögfræði við Háskólann í Reykjavík.

5.2. Reynsla af dómstörfum

Arnaldur var aðstoðarmaður dómara við Hæstarétt Íslands í rúmlega eitt ár. Eftir það var hann svonefndur starfsnemi við EFTA-dómstólinn í fáeina mánuði, en í því mun felast starf aðstoðarmanns.

Hrannar Már var aðstoðarmaður héraðsdómara 2008 til 2011. Frá 5. september 2011 til 29. febrúar 2012 og aftur um tveggja vikna skeið í mars sama ár var hann settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

Nanna var aðstoðarmaður héraðsdómara frá miðju ári 1998 til janúar 2002.

Sigríður Elsa var settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur frá 25. nóvember 2011 til 30. júní 2013.

Sigríður Hj. var aðstoðarmaður héraðsdómara 2000 til 2008 að undanskildu einu ári 2004 til 2005. Hún hefur fjórum sinnum verið settur dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, þ.e. 1. maí 2004 til 15. júlí sama ár, 1. janúar 2008 til 31. maí sama ár, 1. október 2011 til 31. janúar 2012 og loks frá 5. apríl 2013 til 30. júní sama ár.

Sigurður var fulltrúi sýslumanns á Akureyri og síðan Árnessýslu 1983 til 1987 og settur sýslumaður í Strandasýslu í einn og hálfan mánuð 1987.

Þórður var fulltrúi dómara í ávana- og fíkniefnamálum 1978 til 1982 þar sem hann fékkst við að dæma í meiriháttar fíkniefnabrotamálum.

Samkvæmt framangreindu hafa þrír umsækjendur, Hrannar Már, Sigríður Elsa og Sigríður Hj. starfað sem sjálfstædir héraðsdómarar. Af þeim hefur Hrannar Már gegnt því starfi í rúmlega sex mánuði, Sigríður Elsa í 19 mánuði og Sigríður Hj. í tæplega 15 mánuði. Að þessu virtu og því að Hrannar Már var áður aðstoðarmaður héraðsdómara í rúm þrjú ár og Sigríður Hj. í rúmlega sjö ár hefur sú síðastnefnda mesta reynslu umsækjenda af dómstörfum. Þórður fékkst við dómsmál sem fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum í fjögur ár og Sigurður nokkurn veginn jafn lengi sem sýslumannfulltrúi. Þegar mat er lagt á reynslu tveggja þeirra

síðastnefndu af dómstörfum verður að gæta þess að hvorugur þeirra var á sínum tíma sjálfstæður dómarí. Að auki er langt um liðið síðan þeir fengust við að leysa úr dómsmálum og reglur á öllum sviðum réttarfars gjörbreyttar nú frá þeim tíma er þeir önnuðust dómstörf. Nanna var aðstoðarmaður héraðsdómara í um þrjú og hálft ár. Arnaldur var aðstoðarmaður dómarí við Hæstarétt í rúmlega eitt ár, m.a. í kærumálum þar sem reynir sérstaklega á þekkingu í einkamála- og sakamálaréttarfari. Eftir það var hann svonefndur starfsnemi við EFTA-dómstólinn um skeið.

5.3. Reynsla af lögmannsstörfum

Allir umsækjendur hafa aflað sér réttinda sem héraðsdómslögmenn en einungis tveir þeirra, Sigurður og Þórður, hafa öðlast réttindi til að flytja mál fyrir Hæstarétti.

Arnaldur starfaði sem fulltrúi og síðan lögmaður á lögmannstofu frá júní 2008 til janúar 2009.

Hraðmar Már, Nanna og Sigríður Hj. hafa ekki reynslu af störfum á lögmannsstofu.

Sigríður Elsa starfaði sem lögmaður á lögmannsstofu í sem næst eitt og hálft ár frá 2003 til 2004.

Sigurður hefur rekið eigin lögmannsstofu frá 1991, lengst af á Selfossi og í Vestmannaeyjum en síðan í Kópavogi. Samhliða hefur hann rekið fasteignasölu. Hann hefur flutt fjölda mála og frá 1997 jöfnum höndum fyrir héraðsdómi og Hæstarétti. Þá hefur hann flutt mörg mál fyrir úrskurðarnefndum á stjórnsýslustigi.

Þórður hefur verið bæjarlögmaður í Kópavogi frá 1987 og hefur síðan þá flutt fjölda mála af hálfu bæjarins og frá 1994 einnig fyrir Hæstarétti. Þá hefur hann flutt mál fyrir stjórnvöldum, s.s. matsnefnd eignarnámsbóta. Samhliða starfi bæjarlögmanns hefur hann sinnt lögmannsstörfum fyrir aðra, þar á meðal sem verjandi í sakamálum.

Samkvæmt þessu á Þórður að baki lögmannsferil sem spannar rúman aldarfórðung og frá 1994 flutt mál á báðum dómstigum. Þá hefur hann flutt mörg mál fyrir úrskurðarnefndum á stjórnsýslustigi. Sigurður hefur starfað litlu skemur eða rúmlega tuttugu ár við lögmannsstörf og frá 1997 flutt mál á báðum dómstigum.

Þá hefur hann flutt mörg mál fyrir úrskurðaraðilum á stjórnsýslustigi. Sigurður og Þórður hafa því mesta reynslu umsækjenda af lögmannsstörfum. Sigríður Elsa starfaði sem lögmaður í u.p.b. eitt og hálft ár. Hún hefur að auki langa reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem ákærandi, fyrst sem fulltrúi sýslumannsins á Akureyri og sýslumannsins í Kópavogi 1994-2003 en síðar hjá embætti ríkissaksóknara og efnahagsbrotadeild ríkislöggreglustjóra um sem næst sjö ára skeið. Á því tímabili flutti hún meðal annars um 80 mál fyrir Hæstarétti. Sigríður Hj. hefur starfað frá 2008 með hléum sem aðstoðarsaksóknari í kynferðisbrotadeild löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og þannig öðlast reynslu af rannsókn og flutningi sakamála. Hrannar Már starfaði frá febrúar 2008 í rúmlega hálft ár hjá löggreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu og hlaut þar einhverja reynslu af meðferð og flutningi sakamála sem ákærandi. Arnaldur var fulltrúi og síðar lögmaður á lögmannsstofu um sjö mánaða skeið.

5.4. Reynsla af stjórnsýslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnsýslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Arnaldur var starfsmaður Rannsóknarnefndar Alþingis vegna falls íslensku bankanna frá byrjun árs 2009 í um eitt ár. Þar voru honum falin umfangsmikil stjórnsýsluverkefni, meðal annars að taka þátt í að stjórna skýrslutökum og semja einstaka þætti í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. Hjá Fjármálaeftirlitini starfaði hann á lánaviði í um eitt ár. Í því starfi fékkst hann m.a. við samningu stjórnvaldsfyrirmæla, en að öðru leyti reyndi í starfinu einkum á stjórnsýslurétt og Evrópurétt. Hann sat 2008 í ökutækjatrygginganefnd sem samdi frumvarp til laga á því sviði, árið 2009 í endurkröfunefnd sem starfar samkvæmt umferðarlögum og varamaður í prófnefnd bifreiðasala.

Hrannar Már starfaði sem fulltrúi hjá löggreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu í rúmlega hálft ár og annaðist þar meðferð stjórnsýslumála. Hann starfaði sem lögfræðingur hjá Rannsóknarnefnd Alþingis um fall sparisjóðanna í 6 mánuði 2012 og hefur nú í tæplega eitt ár verið formaður nefndarinnar.

Nanna var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur 2002 í rúmlega hálfþ ár. Þá starfaði hún í eitt ár hjá umboðsmanni Alþingis og eftir það í nokkra mánuði á vegum utanríkisráðuneytisins. Eftir það vann hún í sem næst tvö ár hjá Evrópuráðinu, í upphafi við störf tengd fullnustu dóma Mannréttindadómstóls Evrópu, en lengst af á skrifstofu ráðsins í Kósovó sem aðstoðarforstöðumaður og lögfræðilegur ráðgjafi. Eftir það tók hún við starfi forstöðumanns og ráðgjafa svæðisáætlunar UNIFEM fyrir suðaustur Evrópu í Serbíu í rúmlega eitt og hálfþ ár, en starfaði síðan aftur fyrir Evrópuráðið í Kósovó í tæplega tvö ár og þá sem forstöðumaður skrifstofu þess. Í framangreindum störfum hennar reyndi m.a. á alþjóðlegar og evrópskar mannréttindareglur og Evrópurétt. Hún var um skeið í stjórn lögmannafélags Kósovó. Þá starfaði hún í fjögur ár, frá árinu 2009 sem aðalráðgjafi Eystrasaltsráðsins í Stokkhólmi. Hluta þess tíma var hún meðritstjóri tímarits ráðsins. Þá var hún 2001 formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð. Hún hefur komið að vinnu við ýmis regluverk í störfum sínum, m.a. fyrir UNIFEM. Þá hefur hún stýrt starfi fjölda vinnuhópa á vegum áðurnefndra fjölbjóðlegra stofnana.

Sigríður Elsa var fulltrúi sýslumannsins á Akureyri 1994 til 1999 og síðan sýslumannsins í Kópavogi 1999 til 2003 en í þeim störfum sinnti hún m.a. fjölbreyttum stjórnsýsluverkefnum. Frá 2004 til 2006 var hún fulltrúi ríkissaksóknara og var skipuð saksóknari við embættið 2006. Á árinu 2010 gegndi hún um skamman tíma starfi saksóknara við efnahagsbrotadeild ríkislöggreglustjóra. Frá október á því ári til nóvember 2011 var hún settur vararíkissaksóknari.

Sigríður Hj. starfaði hjá Fangelsismálastofnun 1995 til 2000 þar sem hún fékkst einkum við samfélagsþjónustu. Frá 2004 til 2005 starfaði hún í eitt ár á lagaskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Í september 2008 hóf hún störf sem aðstoðarsaksóknari í kynferðisbrotadeild löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og hefur starfað þar með hléum til þessa dags. Árin 2004 og 2005 var hún ritari refsíréttarnefndar og hefur auk þess átt sæti í ýmsum nefndum eða starfað fyrir þær í tengslum við störf sín. Þá hafði hún umsjón um samningu verklagsreglna löggreglu um meðferð heimilisofbeldismála.

Sigurður var fulltrúi sýslumannsins á Akureyri frá 1983 til 1986 og sýslumannsins í Árnessýslu frá þeim tíma til 1987. Á því ári var hann settur sýslumaður í Strandasýslu í einn og hálfan mánuð. Frá 1989 til 1991 var hann aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, en á þeim tíma sat hann í fjölda nefnda á vegum ráðuneytisins.

Pórður starfaði hjá rannsóknarlöggreglu ríkisins 1977 til 1978 og fékkst þar aðallega við rannsókn meiri háttar fjármunabrota. Á tímabilinu 1978 til 1982 starfaði hann sem fulltrúi við embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum og kom þar m.a. að rannsókn slíkra mála. Frá 1982 til 1986 var hann bæjarstjóri á Sauðárkróki og gegndi þá formennsku í skólanefnd Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki auk annarra nefndarstarfa fyrir sveitarfélagið. Hann var lögmaður Byggðastofnunar um skeið. Frá 1986 til 1987 var hann deildarlögfræðingur löggreglunnar í Reykjavík og hafði þar með höndum yfirstjórn rannsóknar- og fíkniefnadeildar. Frá 1987 hefur hann verið bæjarlögmaður í Kópavogi og sinnt þar fjölbreyttum stjórnsýsluverkefnum.

Af framangreindu er ljóst að allir umsækjendur hafa reynslu af stjórnsýslustörfum þótt í mismiklum mæli sé og af ólíkum vettvangi. Verður litið til þess hve lengi þeir hafa starfað við stjórnsýslu og jafnframt til eðlis starfanna. Nanna hefur að Arnaldi undanskildum ein umsækjenda slíka reynslu af störfum bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Verður að leggja til grundvallar að í stjórnsýsluþætti starfa hennar erlendis felist breið starfsreynsla sem nýtist vel til ýmissa starfa hér á landi og þar á meðal í starfi héraðsdómara. Hún hefur einnig unnið við stjórnsýslu hér á landi og verður að telja að hún hafi reynslu umfram aðra umsækjendur á þessu sviði. Pórður hefur fengist við fjölpætt stjórnsýslustörf, m.a. sem bæjarstjóri í fjögur ár og bæjarlögmaður í aldarfjórðung. Sigríður Elsa hefur einnig öðlast verulega reynslu af stjórnsýslu í störfum sínum, hin síðari ár sem ákærandi og vararíkissaksóknari. Tvö þau síðarnefndu eiga sammerkt að hafa starfað við stjórnsýslu samhliða því að flytja mál fyrir dómstólunum sem verður litið til við mat á stjórnsýslureynslu þeirra. Að virtu eðli þeirra stjórnsýslustarfa sem Arnaldi hafa verið falin, sbr. einkum áðurnefnt starf hjá Rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls bankanna, verður að telja að hann hafi þrátt fyrir ekki lengri starfsaldur öðlast

mikilvæga reynslu af slíkum störfum. Hið sama á við um Sigríði Hj. sem hefur breiðan starfsferil að baki innan stjórnsýslunnar, hin síðari ár við rannsókn og saksókn á afar vandasömu málasviði. Stjórnsýslureynsla Hrannars Más er orðin nokkur að því virtu að hann hefur nú um skeið stjórnað störfum Rannsóknarnefndar Alþingis um fall sparisjóðanna, en því verki er enn ólokið. Stjórnunarreynsla Sigurðar verður að teljast takmarkaðri en annarra umsækjenda.

5.5. Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.5.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Arnaldur starfaði samhliða framhaldsnámi í Yale háskóla sem aðstoðarmaður (e. research assistant) fjögurra prófessora og gestaprófessora við skólann við nánar tilgreind verkefni. Hann annaðist stundakennslu í nokkrum greinum við lagadeild Háskóla Íslands frá 2009 til 2011, þ.á m. í meistaránámi. Þá hefur hann frá 2011 annast stundakennslu við Háskólann á Bifröst, þ.á m. í meistaránámi.

Hrannar Már hefur frá 2009 verið stundakennari og aðjúnt við lagadeild Háskólans á Akureyri og annast kennslu í nokkrum greinum. Við sama skóla auk Háskólans í Reykjavík hefur hann leiðbeint nemendum við lokaritgerðir í BA námi og meistaránámi. Frá 2009 hefur hann sinnt stundakennslu í réttarheimspeki við lagadeild Háskóla Íslands.

Sigríður Elsa annaðist 2008 stundakennslu í refsirétti við lagadeild Háskólans á Akureyri og hefur verið leiðbeinandi vegna tveggja meistaraprófsritgerða við sama skóla.

Sigríður Hj. var stundakennari í inngangi að lögfræði við lagadeild Háskóla Íslands 2002 til 2004 og hefur kennt refsirétt við lagadeild Háskólans í Reykjavík frá byrjun árs 2012.

Nanna, Sigurður og Þórður hafa ekki fengist við kennslu á háskólastigi. Þess má þó geta að Nanna kennt á námskeiði fyrir dómara í Makedóníu.

Samkvæmt þessu hafa fjórir umsækjendur, þ.e. Arnaldur, Hrannar Már, Sigríður Elsa og Sigríður Hj. einhverja reynslu af kennslu á háskólastigi og Arnaldur auk þess fengist við rannsóknir á því stigi, sbr. einnig kafla 5.5.2.

5.5.2. Útgefuar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Arnaldur var samhliða framhaldsnámi við Yale háskóla ritstjóri og meðritstjóri tveggja tímarita á vegum skólans.

Umsækjandinn hefur lagt fram með umsókn sinni ritrýnda grein í Úlfljóti, 4. tbl. 2011, en heiti hennar er "Takmörkun á rétti almennings til aðgangs að bréfaskiptum stjórnvalda við sérfróða menn til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað." Greinin fjallar um 2. tölulið 4. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 og er bæði skýr og skilmerkileg. Á sama hátt eru ályktanir höfundar í ágætu samræmi við þau lagaatriði, lögskýringargögn og réttarframkvæmd sem umfjöllunarefnið snýst um. Greinin hefur ótvíraett fræðilegt gildi á sviði stjórnsýsluréttar.

Pá fylgir umsókninni bókin "EC and EEA LAW - A Comparative Study of the Effectiveness of European Law", september 2009. Höfundur er Dr. Elvira Méndez Pinedo en umsækjandinn er meðhöfundur að 5. kafla bókarinnar. Fram kemur hjá umsækjanda að framlag hans hafi einkum beinst að rannsókn á íslenskum fræðiskrifum um EES -samninginn sem aðalhöfundur hafi nýtt sér við ritun kaflans. Erfitt er fyrir dómnefnd að meta sjálfstætt framlag umsækjandans, en í 5. kafla er þó gerð ágæt grein fyrir íslenskum fræðiskrifum um EES - samninginn og enga sérstaka hnökra að sjá á þeirri umfjöllun.

Pá hefur umsækjandinn lagt fram grein sína í Úlfljóti frá júlí 2009 "Beinir skattar - barátta um völd. Áhrif Evrópuréttar á reglur aðildarríkja Evrópubandalagsins á sviði beinna skatta." Framsetning efnis, umfjöllun og heimildaöflun er með ágætum. Greinin er á sviði skattaréttar og rekur dómaframkvæmd Evrópuðómstólsins á þessu sviði, en greinin er byggð á ritgerð umsækjandans til meistaraprófs við Háskóla Íslands 2008 en nokkuð stytt.

Umsækjandinn hefur lagt fram tilbúið en óbirt handrit að sameiginlegri grein hans og tveggja annarra manna um dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu. Meðhöfundar eru Dr. Luzius Wildhaber, fyrrum forseti dómstólsins og Stephen Donnelly. Greinin nefnist "No Consensus on Consensus? The practice of the European Court of Human Rights." Viðfangsefnið er svigrúm aðildarríkja Evrópuráðsins til mats og álitaefni því tengd. Ritverkið er afar áhugavert og hefur

fræðilegt gildi, en erfitt er fyrir nefndina að meta sjálfstætt framlag umsækjandans enda ekki komið fram hver hlutur hvers höfundanna þriggja er.

Umsækjandinn gerði réttarsögulega rannsókn á lagaumhverfi sparisjóða á Íslandi í tengslum við rannsókn á falli þeirra.

Loks vann umsækjandinn við rannsókn á sviði sakamálaréttarfars fyrir Eirík Tómasson hæstaréttardómara vegna endurskoðunar rits þess síðarnefnda um þvingunarráðstafanir o.fl.

Hrannar Már hefur fengist við ritsmíðar og þýðingar á ritum á sviði heimspeki. Þá á hann sæti í ritrýninefnd *Lögfræðings* – tímarits laganema við Háskólann á Akureyri.

Nanna hefur lagt fram með umsókn sinni meistararitgerð sem hún samdi í framhaldsnámi við Háskólann í Lundi 2004 og ber heitið "Same - Sex Couples in the European Union. Citizenship, Movement and Residence." Ritgerðin er ágætlega unnin, lýsir efninu vel og ber vitni um vandaða heimildavinnu. Hún sýnir jafnframt góð tök umsækjandans á enskri tungu. Umsækjandinn hefur jafnframt lagt fram grein sína í 4. tbl. Tímarits lögfræðinga 2004 sem er í meginatriðum þýðing og nokkur stytting meistararitgerðarinnar.

Sigríður Elsa, Sigurður og Þórður hafa ekki komið að útgáfu fræðirita eða birt fræðigreinar um lögfræðileg málefni.

Sigríður Hj. hefur lagt fram þrjár fræðigreinar sem birtust í Tímariti lögfræðinga 1996, 2000 og 2009. Meðhöfundur að þeirri fyrstu, "Samfélagsþjónusta á Íslandi" er Guðmundur Þór Guðmundsson, en ekki er gerð grein fyrir framlagi hvors höfundar um sig. Greinin hefur að geyma glögga samantekt á störfum svonefndrar samfélagsþjónustunefndar, undirbúningi þessa úrræðis í upphafi og fleira. Hún hefur ótvíraett fræðilegt gildi á sviði refsiréttar. Í þeirri næstu, "Reynslan af samfélagsþjónustu" fjallar umsækjandinn um kosti þess og galla að ákvörðun um fullnustu dóma um refsivist sé tekin af stjórnvaldi en ekki dómstólu. Greinin er skýr og vel fram sett og telst hafa nokkurt fræðilegt gildi. Þriðja greinin, "Á löggregla að taka ákvörðun um nálgunarbann" er m.a. rituð að fenginni reynslu höfundar af störfum hennar. Greinin er skýr og skipuleg en fræðilegt gildi hennar er takmarkað.

Þegar litið er til þeirra rita og greina um lögfræði sem birst hafa eftir Arnald stendur hann öðrum umsækjendum miklum mun framar á þessu sviði. Þá hefur hann einn umsækjenda sinnt ritstjórnarstörfum um lögfræðileg efni á háskólastigi. Sigriður Hj. stendur honum næst í þessum þætti hæfnismats en þar á eftir kemur Nanna.

5.6. Reynsla af stjórnun

Arnaldur gegndi um skeið ritstjórnarstörfum á tveimur tímaritum lagadeildar erlends háskóla.

Hrannar Már fór með stjórn löggreglurannsókna í umboði löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu þegar hann starfaði sem fulltrúi hans í skamman tíma. Hann hefur enn fremur verið formaður Rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna í tæplega eitt ár.

Nanna var skrifstofustjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í rúmlega hálft ár. Hún var aðstoðarforstöðumaður og síðar forstöðumaður skrifstofu Evrópuráðsins í Kósóvo í sem næst þrjú ár. Þá stýrði hún svæðisáætlun UNIFEM í Serbíu í rúmlega eitt og hálft ár. Hún var um skeið meðritstjóri tímarits Eystrasaltsráðsins og formaður vinnuhóps um heimasíðu fyrir héraðsdómstólana og dómstólaráð.

Sigríður Elsa stýrði löggreglurannsóknum í umboði sýslumannsins á Akureyri og síðar sýslumannsins í Kópavogi þegar hún starfaði sem fulltrúi þeirra í samtals um níu ár. Þá var hún fulltrúi saksóknara og saksóknari hjá ríkissaksóknara í samtals sex ár og að auki gegndi hún starfi vararíkissaksóknara í liðlega eitt ár.

Sigríður Hj. sá um framkvæmd samfélagsþjónustu þau fimm ár sem hún starfaði hjá Fangeloismálastofnun. Sem aðstoðarsaksóknari hjá löggreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu hefur hún nú, í næstum fjögur ár, komið að stjórn löggreglurannsókna.

Sigurður var í skamman tíma starfsmannastjóri í stóru atvinnufyrirtæki. Þá hefur hann verið meðeigandi og tekið þátt í stjórn þriggja lögmannsstofa á 22 ára tímabili.

Pórður stýrði löggreglurannsóknum í umboði yfirmanna sinna í meiri háttar fjármunabrotum hjá rannsóknarlöggreglu ríkisins um eins ár skeið, rannsóknum

fíkniefnabrotamála hjá embætti dómara í ávana- og fíkniefnamálum í fjögur ár og hjá lögreglunni Reykjavík í eitt ár. Hann var bæjarstjóri á Sauðárkróki í fjögur ár. Sem bæjarlögmaður í Kópavogi hefur hann síðustu tíu ár verið yfirlögfræðingur bæjarins án mannaforráða þó, en hann hefur skipt verkum milli þeirra lögmanna sem annast dómsmál í umboði sveitarfélagsins.

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur einhverja reynslu af stjórnun og sumir alllanga. Nanna hefur öðlast fjölpætta og umfangsmikla reynslu við slík störf, bæði hér á landi og erlendis. Hið sama á einnig við um Sigríði Elsu, Sigríði Hj., Sigurð og Þórð að því undanskildu að þeirra stjórnarreynsla eru öll af innlendum vettvangi. Stjórnunarreynsla annarra umsækjenda telst vera minni.

5.7. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.

Sigríður Hj. hefur komið að undirbúnningi lagasetningar í starfi sínu í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Arnaldur hefur unnið að einu lagafrumvarpi. Allir umsækjendur hafa sinnt öðrum störfum, sbr. nánar 4. kafla hér að framan, en ekki verður talið að þau nýtist þeim beint í störfum dómara.

5.8. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að við mat á almennri starfshæfni skuli litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá kemur fram að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Ennfremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. reglnanna að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Í auglýsingu um hin lausu dómaraembætti var óskað eftir því að umsækjendur tilnefndu two meðmælendur. Í 5. gr. reglna nr. 620/2010 kemur fram að dómnefnd geti aflað vitneskju um starfsferil umsækjanda hjá fyrri vinnuveitendum hans og öðrum sem átt hafi samskipti við umsækjanda vegna starfa hans.

Sem fyrr segir leitaði dómnefnd eftir umsögnum þeirra, er umsækjendur höfðu tilnefnt sem meðmælendur, en þeir eru: Páll Hreinsson dómari við EFTA-

dómstólinn og Þorgeir Örlygsson hæstaréttardómari sem gáfu umsögn um Arnald Hjartarson, Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari og Lára Sverrisdóttir, héraðsdómslögmaður um Hrannar Má S. Hafberg, Anna Jóhannsdóttir sendiherra og Friðgeir Björnsson fyrerverandi dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur um Nönnu Magnadóttur, Daði Kristjánsson saksóknari og Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari um Sigríði Elsu Kjartansdóttur, Ragna Árnadóttir aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar og Stefán Eiríksson löggreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu um Sigríði Hjaltested, Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir héraðsdómslögmaður og Ólafur Björnsson hæstaréttarlögmaður um Sigurð Jónsson og Karl Axelsson hæstaréttarlögmaður og dósent og Páll Magnússon bæjarritari um Þórð Clausen Þórðarson.

Dómnefndin hefur haft umsagnir þessara meðmælenda, sem allar eru jákvæðar í garð hlutaðeigandi umsækjenda, til hliðsjónar við mat sitt. Af umsögnunum verður ráðið að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður samkvæmt 3. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010. Einnig kom þar fram að reglusemi umsækjenda væri ekki ábótavant.

5.9. Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 620/2010 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi. Miðað við þessar forsendur og með vísan til alls þess sem að framan greinir telur dómnefnd að allir umsækjendurnir fullnægi þeim lágmarksskilyrðum sem gera verður til héraðsdómara í þessum eftir.

6. Niðurstaða dómnefndar

Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 620/2010. Þessi sjónarmið hljóta eðli máls samkvæmt að hafa ólíkt vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið niðurstöðu. Þótt almennt verði að telja umsækjanda til tekna fjölbreytta starfsreynslu er meginmarkmiðið með störfum dómnefndar að finna hverjir

umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti héraðsdómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum héraðsdómara skiptir mestu máli að þeir búi yfir staðgóðri reynslu af dómstörfum, lögmannsstörfum og þeim stjórnsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Einnig hvort þau verkefni, sem umsækjendur hafa fengist við, séu fjölbreytileg, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki þótt einn þeirra hafi gegnt starfi nokkru lengur en annar.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu mati á verðleikum umsækjenda og skiptir þar mestu máli að umsækjandinn hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni. Farsael starfsreynsla og fjölbreytileiki hennar getur gefið mikilsverðar vísbindingar í því efni, en þar koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst reynsla af lögfræðilegri greiningu. Dómnefnd hefur gætt þess í mati sínu á hæfni umsækjenda, rétt eins og í fyrrí álitum, að fara ekki út í alltof nákvæmt mat vegna þess að afar erfitt er að halda samræmi þegar svo er að verki staðið þar sem matsgrundvöllurinn er bæði fjölpættur og margbrotinn.

Mat dómnefndar er byggt á öllum þeim þáttum sem raktir hafa verið hér að framan í köflum 5.1.-5.9. Það er niðurstaða nefndarinnar að allir umsækjendur fullnægi þeim kröfum sem gera verður til héraðsdómara.

Fram er komið að af sjö umsækjendum sækja tveir, þ.e. Sigríður Elsa og Hrannar Már í senn um annað hvort dómarEmbætti við Héraðsdóm Reykjavíkur eða Héraðsdóm Vestfjarða. Þrír aðrir, Sigríður Hj., Nanna og Þórður sækja eingöngu um embætti við Héraðsdóm Reykjavíkur og tveir umsækjendur, Arnaldur og Sigurður, sækja eingöngu um dómarEmbætti við Héraðsdóm Vestfjarða. Við hæfnismat verður greint á milli umsækjenda um embætti við hvorn dómstólinn fyrir sig.

Þegar litið er til alls þess sem að framan greinir er það niðurstaða dómnefndar að af þeim sem sækja um embætti við Héraðsdóm Reykjavíkur sé Sigríður J. Hjaltested hæfust til að gegna starfi héraðsdómara. Hún hefur mesta reynslu umsækjenda af dómstörfum eftir að hafa verið settur héraðsdómari í samtals 15

mánuði og um árabil aðstoðarmaður við Héraðsdóm Reykjavíkur. Athugun á nýlegum dóum hennar sýnir einnig að hún hefur almennt náð góðum tökum á dómstörfum, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 29. nóvember 2012 í máli nr. 177/2012, en í því máli sem hún dæmdi í héraði reyndi á margvísleg og óvenjuleg álitaefni. Hún hefur langa og fjölbreyta reynslu að baki af stjórnsýslustörfum hjá Fangelsismálastofnun, dóms- og kirkjumálaráðuneyti og lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, en við síðastnefnt embætti stjórnaði hún í nokkur ár rannsókn kynferðisbrotamála og var auk þess aðstoðarsaksóknari í þeim málaflokki. Þá hefur hún ritað fræðigreinar í lögfræðitímarit og á nokkra reynslu að baki af kennslu á háskólastigi. Næst þeim umsækjanda að hæfni sem að framan var nefndur koma Sigríður Elsa Kjartansdóttir og Þórður Clausen Þórðarson. Ekki eru efni til að gera upp á milli hæfni þeirra tveggja. Sigríður Elsa hefur um árabil gegnt krefjandi stjórnsýslustörfum auk þess sem hún hefur í starfi við embætti ríkissaksóknara öðlast mikla reynslu af málflutningsstörfum á báðum dómstigum. Þá starfaði hún að fengnum lögmannsréttindum á lögmannsstofu um skeið. Sem settur héraðsdómari í einkamálum í 19 mánuði hefur hún jafnframt aflað sér umtalsverðrar reynslu af dómstörfum. Athugun á nýlegum dóum hennar sýnir að hún hefur eflst í því starfi, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 16. maí 2013 í máli nr. 596/2012, en þar var um að ræða sérlega flókið og umfangsmikið mál sem hún dæmdi í héraði ásamt meðdómsmönnum. Þá hefur hún sinnt stjórnun og komið lítillega að kennslu á háskólastigi. Hvað varðar Þórð Clausen Þórðarson vegur þyngst löng og fjölbætt reynsla hans af lögmannsstörfum, þ.a.m. málflutningi á báðum dómstigum. Einnig skipta miklu máli margvísleg stjórnsýslustörf sem hann hefur fengist við á starfsferli sínum.

Með sama hætti er það niðurstaða dómnefndar að af þeim sem sækja um embætti við Héraðsdóm Vestfjarða séu Arnaldur Hjartarson og Sigríður Elsa Kjartansdóttir hæfust til að gegna starfi héraðsdómara. Ekki eru efni til að gera upp á milli hæfni þeirra tveggja. Um hæfni Sigríðar Elsu vísast til þess sem að framan greinir. Hvað varðar Arnald hefur hann aflað sér mestrar menntunar umsækjenda um þetta embætti og er námsferill hans og námsárangur afar glæsilegur. Þá stendur hann öðrum umsækjendum miklum mun framar hvað varðar fræðistörf og hefur

jafnframt öðlast reynslu af kennslu á háskólastigi og fleiri akademískum störfum. Þráttr fyrir skamman starfsferil hefur hann aflað sér mikilvægrar reynslu við stjórnsýslustörf, sbr. það sem áður greinir um störf hans fyrir Rannsóknarnefnd Alþingis vegna falls bankanna og Fjármálaeftirlitið. Reynsla hans af dómstörfum og einkum lögmannsstörfum er minni.

Ályktarorð:

Með vísan til 2. mgr. 4. gr. a, sbr. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, er það niðurstaða dómnefndar að af þeim umsækjendum sem sækja um embætti dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sé Sigríður J. Hjaltested hæfust til að hljóta skipun í embætti dómara við þann dómstól. Að henni frátalinni er niðurstaða nefndarinnar jafnframt sú að Sigríður Elsa Kjartansdóttir og Þórður Clausen Þórðarson séu hæfust til að gegna embætti dómara við umræddan dómstól.

Með vísan til sömu lagaákvæða er það jafnframt niðurstaða nefndarinnar að af þeim umsækjendum sem sækja um embætti dómara við Héraðsdóm Vestfjarða séu Arnaldur Hjartarson og Sigríður Elsa Kjartansdóttir hæfust til að hljóta skipun í embætti dómara við þann dómstól.

Reykjavík, 27. ágúst 2013.

Gunnlaugur Claessen

Allan V. Magnússon

Allan V. Magnússon

Guðrún Agnarsdóttir

Guðrún Agnarsdóttir

Óskar Sigurðsson

Skarphéðinn Þórisson